



FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

Stjórnarráðshúsinu 150 Reykjavík
sími: 545 8400 bréfasími: 562 4014
postur@for.stjr.is
www.raduneyti.is

Fréttatilkynning

Nr.: 72/2009

Efni: Önnur ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur 100 daga

Önnur ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur hefur nú starfað í 100 daga, en tilkynnt var um myndun hennar á blaðamannafundi í Norræna húsinu þann 10. maí. Ríkisstjórnin gaf strax út ítarlega samstarfsyfirlýsingu auk yfirlits yfir fyrirhugaðar aðgerðir fyrstu 100 dagana og var sú áætlun birt á upplýsingasíðu stjórnvalda www.island.is. Á 100 daga áætluninni eru 48 mál og hafa 42 þegar verið afgreidd að mestu og flest þeirra sex sem útaf standa verða afgreidd innan tíðar. Á þessum tíma hefur ríkisstjórnin afgreitt eftirfarandi mál:

Endurskipulagning á fjármálum ríkissjóðs

Í þessum málafllokki hefur ríkisstjórnin afgreitt *endurskoðaðar forsendur fjárlaga* 2010 og áætlun í ríkisfjármálum til 2013, gefið út skýrslu vegna *áætlunar í ríkisfjármálum* 2009 og lagt fram á Alþingi áætlun til millilangs tíma, sett á fót *tekjustofnanefnd* sem hefur það hlutverk að vinna tillögu um breikkun og styrkingu tekjustofna sveitarfélaga, hrundið af stað *sparnaðarátaki* í ríkiskerfinu með þátttöku starfsmanna, stjórnenda og notenda þjónustunnar, gripið til aðgerða til að *lækka hæstu laun* hjá ríkinu, stofnunum og félögum á þess vegum með það að leiðarljósi að enginn verði með hærri laun en forsætisráðherra, sett nýjar reglur um *nefndarþóknanir, risnu og ferðakostnað* og lagt fram á Alþingi frumvarp um aðgerðir gegn *skattundanskotum* .

Samningar við erlend ríki

Samið hefur verið um *lán* til styrkingar *gjaldeyrisforðanum* við Norðurlandabjóðirnar og viðræður við Rússland og Pólland eru á lokastigi. Skrifað hefur verið undir *Icesave – samninga* við Breta og Hollendinga með fyrirvara um samþykki Alþingis.

Umsókn um aðild að ESB

Utanríkisráðherra lagði fyrir Alþingi *þingsályktunartillögu* þess efnis að ríkisstjórn sé falið að sækja um aðild að ESB. Tillagan *samþykkt og umsókn afhent* formlega í Svíþjóð 23. júlí.

Endurskipulagning og endurreisn bankakerfisins

Í þessum mikilvæga málafllokki hefur ríkisstjórnin lagt fram frumvarp um *Bankasýslu ríkisins* þar sem hlutur ríkisins í fjármálafyrirtækjum verður vistaður, lagt fram frumvarp um *eignaumsýslufélag* á vegum ríkisins til að tryggja meðferð þjóðhagslega mikilvægra fyrirtækja, lagt fram frumvarp um *sparisjóði*, tekið ákvörðun um *erlent eignarhald* á bönkunum, afgreitt samkomulag við *kröfuhafa* tveggja banka af þremur og lokið við *endurfjármögnun* Íslandsbanka og Kaupþings. Ný *yfirstjórn* hefur verið ráðinn í Seðlabanka og Fjármálaeftirlit, auk þess sem breytingar hafa orðið á stjórnnum og stjórnendum fjármálastofnana.

Endurskoðun úrræða til aðstoðar heimilum

Endurmat og breytingar á *löggjöf og reglugerðum* vegna úrræða fyrir skuldbætt heimili hefur farið fram, opnuð hefur verið ný starfsstöð *Ráðgjafastofu heimilanna* og staðið fyrir átaki í kynningu og efltri þjónustu vegna greiðsluvandaúrræða fyrir heimili í skuldavanda. Ekki er lengur krafist *ábyrgðarmanna* vegna lána frá Lánasjóði íslenskra námsmanna.

Aðgerðir til atvinnusköpunar

Ríkisstjórnin hefur eflt möguleika *Vinnumálastofnunar* og *Nýsköpunarmiðstöðvar* til að bregðast við atvinnuleysi, leyft *handfaraveiðar* smábáta yfir sumartímamann, styrkt *Nýsköpunarsjóð námsmanna* til að fjölga megi sumarstörfum og atvinnutækifærum fyrir ungt fólk. Úthlutunarreglur úr *Lánasjóði íslenskra námsmanna* hafa verið endurskoðaðar til að auðvelda aðgang að námi á erfiðleikatímum og listamenn taka nú virkan þátt í móta nýja *menningarstefnu* sem styrkja mun grundvöll sköpunar þeirra.

Stöðugleikasáttmáli, stóraukið samráð, mótun sóknarstefnu

Ríkisstjórnin skrifaði undir *stöðugleikasáttmála* ásamt aðilum vinnumarkaðarins, hóf vinnu við gerð yfirlits um *stöðu og þróun lykilstærða* í samfélags- og efnahagsmálum þjóðarinnar og framtíðarvalkosti, setti á fót *samráðsvettvang* ríkisstjórnar, sveitarfélaga, landbúnaðarins og aðila vinnumarkaðarins og byrjaði að móta *atvinnustefnu* í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins og háskólasamfélagið. Vinna er hafin við mótun *sóknaráætlana* fyrir alla landshluta til eflingar atvinnulífs og lífsgæða til framtíðar og viðræður hafnar við *lífeyrissjóði og innlenda fjárfesta* um að koma að eflingu atvinnulífs með hinu opinbera.

Lýðræðis- og stjórnkerfisumbætur

Ríkisstjórnin hefur lagt mikla áherslu á umbætur í lýðræðisátt og nauðsynlegar breytingar á stjórnkerfinu. Hún hefur lagt fram á Alþingi frumvarp um *persónukjör*, lagt fram frumvarp um *ráðgefandi stjórnlagabing* sem kosið verði til samhliða sveitarstjórnarkosningum 2010 og lagt fram frumvarp um *þjóðaratkvæðagreiðslur*. Hafin hefur verið endurskoðun á reglum um *fjármál stjórnmalaflokka*, endurskoðun á *upplýsingalögum* í því augnamiði að auka aðgengi almennings og fjölmiðla að upplýsingum stjórnarráðsins og boðaðar *viðamiklar tilfærslur* verkefna innan Stjórnarráðsins. Þá hafa tillögur ráðgjafanefndar um *endurskoðun almannatryggingakerfisins* verið kynntar ríkisstjórn en áfram verður unnið með hagsmunaaðilum að nánari útfærslu.

Umhverfi og auðlindir

Endurskoðun er hafin á *fiskveiðstjórnunarkerfinu* og settur hefur verið á fót *ráðgefandi hópur* útgerðarmanna og sjómanna um veiðiráðgjöf og nýtingu sjávarauðlinda og ástand lífríkis sjávar. Jafnframt er unnið að *náttúruverndaráætlun* til ársins 2013 og skipaður hefur verið hópur sem endurskoða á *orkustefnu* þjóðarinnar með það fyrir augum að móta heildstæða orkustefnu. Stefnan á að miða að því að endurnýjanlegir orkgjafar leysi innflutta orku af hólmi.

Af 100 daga áætluninni hafa neðangreind mál ekki verið afgreidd:

1. *Samþykkt stjórnar AGS á 2. endurskoðuna áætlunar stjórnvalda og sjóðsins* (fer fyrir stjórn sjóðsins á næstu vikum, Íslendingar hafa staðið við sinn hluta samkomulagsins en afgreiðsla strandar á Icesave-samningunum).
2. *Dregið úr gjaldeyrishöftum* (áætlun um afnám hafta í áföngum hefur verið afgreidd í ríkisstjórn).
3. *Samningar til lausnar vegna eigenda krónubréfa* (ákveðið að fara aðrar leiðir til samræmis við áætlun um afnám gjaldeyrishafta).
4. *Endurfjármögnun og endurskipulagning sparisjóða* (Vinnan í fullum gangi og mun ljúka á næstu vikum).
5. *Frumvarp um bætt umhverfi sprota og nýsköpunarfyrirtækja lagt fram á Alþingi* (Tvö samhliða frumvörp bíða haustþings, annars vegar sérlög um skattaívilnanir vegna fjárfestinga í nýsköpunarfyrirtækjum og aukinna framlaga til rannsókna og þróunar og hins vegar breytingar á tekjuskattslögum).
6. *Stöður bankastjóra ríkisbankanna auglýstar lausar til umsóknar* (aðeins verður um eina stöðu að ræða, ef að líkum lætur og hún auglýst um leið og endurfjármögnun Landsbanka er í höfn).

Reykjavík 18. ágúst 2009